



Lýsing á GERT

GERT – Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Markmið verkefnisins er að tengja skólana við atvinnulífið og bjóða upp á lausnir fyrir nemendur og kennara í grunnskólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar.

Samstarf með fyrirtækjum

Þáttökuskólar setja sig í samband við ykkar tengilið og koma á samstarfi eftir samkomulagi

Fyrirtækið tekur á móti hópi grunnskólanemenda og heldur stutta kynningu um fyrirtækið og starfsemi þess.

Lýsing á bakgrunni starfsmanna, hvaða nám og reynslu þarf til að starfa hjá slíku fyrirtæki höfðar vel til þessa hóps og allt sem hægt er að fá að prófa eða sjá gerast situr eftir hjá þeim.

Samstarfið er ekki eingöngu bundið við heimsóknir heldur er það unnið í samkomulagi við skólana eftir því sem hentar hverju sinni. Það hafa einnig verið kynningar í skólunum þar sem fulltrúi frá fyrirtækinu heimsækir skólann og heldur stutta kynningu um fyrirtækið og starfsemi þess. Smærri hópar nemenda hafa líka fengið að heimsækja fyrirtækin í þeim tilgangi að taka viðtöl við starfsfólk um námsbakgrunn þeirra og hvernig þau enduðu í því starfi sem þau eru og unnið úr því verkefni í skólanum.

Markmið kynninga

GERT stuðlar að því að efla áhuga nemenda á raunvísindum og tækni ásamt námi og störfum sem því tengjast. Eitt markmið er að nemendur geti tengt nám við störf eftir mismunandi námsleiðum og sjái að engin ein leið lokar öðrum leiðum.

Markmið með kynningum fyrirtækja er því fyrst og fremst að gefa nemendum góða mynd af fjölbreytileika atvinnulífsins og hinum ýmsu störfum innan fyrirtækja með áherslu á hvernig mismunandi bakgrunnur getur komið okkur á ákveðinn stað í ólíkum störfum.

Dæmi um kynningu

Gott er að miða við að hver heimsókn taki í kringum 90 mínútur. Þar af fer u.þ.b. klukkutími í sjálfa dagskrána, en ca. Þrjátíu mínútur í að fara úr úlpum og þess háttar og koma sér í gírinn, ef svo má að orði komast.

Tekið á móti nemendum og þeir boðnir velkomnir. Fulltrúi fyrirtækisins byrjar á því að halda stutta kynningu um fyrirtækið og talar almennt um starfsemi þess. Ef fyrirtækið er einstakt á einhvern hátt, sakar ekki að benda sérstaklega á það hér líka.

Gott er að hafa stutta lýsingu á bakgrunni starfsmanna, hvaða nám og reynslu þarf að hafa til að starfa hjá slíku fyrirtæki og gott að taka dæmi um ákveðin störf, sérstaklega ef um sérhæfingu er að ræða. Hér er tilvalið að fá starfsmennina sjálfa (bara nokkra, 2-3) til að tjá sig, t.d. segja stuttlega frá menntun sinni og starfi, en þannig fá nemendur mynd af því hvað þarf að læra til að starfa hjá slíku fyrirtæki og hvað það eru fjölbreyttar leiðir að því.

Ef það er eitthvað sem hægt er að fá að prófa eða sjá gerast þá er það mjög áhugavert fyrir grunnskólanemendur og situr eftir hjá þeim.

Í lok heimsóknarinnar er gott að hvetja nemendur til að spyrja spurninga til að fá nánari upplýsingar um fyrirtækið og eðli starfseminnar. Einnig, ef til er eitthvað ítarefni um fyrirtækið og störfin þar, er alveg tilvalið að afhenda það í lokin áður en skólakrakkarnir halda heim á leið, því krakkarnir vinna oftast verkefni í kjölfar þessara heimsókna.